



Alltof margir

- hafa að fáu að snúa eftir afplánun
- koma aftur í fangelsi

Þetta er óþarfa kostnaður fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Hvað ætlum við að gera?

Nokkur svör við því er að finna hér

Ég hef beint miklum kröftum að norskum fangelsum. Engu að síður, hrapa margir aftur fljótlega eftir að þeir losna. Í heimsóknnum mínum í öll fangelsi landsins slær mig hversu mikið vantar þó upp á til að skapa fleiri tækifæri til að hægt sé að breyta um stefnu í lífinu. Einn lýsti veru sinni í öryggisfangelsi þannig fyrir mér, að það væri eins og að setja líf sitt á ís. Við viljum ýta aftur á «play» hnappinn. Margir eiga farsæla skólagöngu í fangelsum og skila þaðan góðum prófum. Meðferðarúrræðin okkar hafa einnig leitt til þess að fleiri leita lausna við fíknivanda. Íbúðaráðgjafarnir geta einnig stuðlað að því að minnka einn áhættuþáttinn á endurkomum; að hafa ekki þak yfir höfuðið. Að aðstoða við leit að vinnu og byggja upp gott stuðningsnet léttir einstaklingum sem hafa afplánað dóm endurkomu í samfélag sem samstarfsfélaga, nágranna og vin. Það er ekki að ástæðulausu sem skoðanakannanir benda til þess að almenningur telji dóma eiga að vera úrræði til betrunar, fremur en hefnd samfélagsins. Það einfaldlega borgar sig!

Það er ríkisstjórninni mikilvægt að betrunarstofa vinni að öruggari samfélagi. Færri endurkomur er úrslitabáttur til að tryggja áframhaldandi fækkun glæpa. Brotþólar vilja sjá færri endurkomur. Við þurfum að bregðast við af festu þegar lögin eru brotin. Á sama tíma þurfum við að vera tilbúin til að hugsa hlutina upp á nýtt. Gamaldags pólitísk hugsun er oftast óhentug þegar leysa skal ný viðfangsefni. Þessi þingsályktun vísar á mörg úrræði og tækifæri fyrir betrunarstofu á komandi árum. Mörg þessara úrræða höfum við nú þegar hafið undirbúning við að hrinda í framkvæmd.

Afbrotapólitík og velferðapólitík er sitthvor hliðin á sama pening. Betri dreifing, og meiri velferð er nauðsynleg til að koma í veg fyrir endurkomur. Markmið um umhyggjusamara samfélag gilda einnig innan fangelsismúranna. Út frá sjónarmiði samfélagsins er auk þess mikilvægt að þeir sem hafa afplánað dóm og þar með skilað sínu haldi sinni reisn. Valið um framtíð án afbrota liggur þannig á endanum hjá hinum dæmda. Í að ábyrgjast að hann eigi afturkvæmt út-í-lífið úr fangelsi er mikilvægast að ábyrgðin liggja hjá honum.

Þingsályktunin um betrunarstofu þarf að vera vettvangur fyrir umræðu. Mikilvægast í þeim efnum er að afla sér þekkingar. Þessi bæklingur er útdráttur ályktunarinnar og þeim úrræðum sem hún beinir sjónum sínum að. Eingöngu umræða sem byggir á þekkingu á málaflokknum getur leitt til góðra lausna. Eingöngu skilningur getur verið forsenda breyttrar löggjafar á afbrotapólitík. Við græðum lítið á umræðu sem byggir á misskilningi og mýtum. Einstaka atburðir eru sjaldan til þess fallnir að vera forsenda umbreytinga. Við þurfum að horfa á heildarmyndina. Það er mikilvægt að byggt sé á viðum og viðtækum lausnum. Við bjóðum þess vegna til umræðu og aukinnar þekkingar um betrunarstofu.

Nú eru biðlistar nær því úr sögunni. Nú skulum við einbeita okkur að biðröðinni út úr fangelsunum. Fyrir öruggara samfélag.

*Knut Storberget
dómsmálaráðherra*

Fangelsisdómur og endurhæfing



Flest er hægt – ef maður bara vil! Frá fanga til matreiðslumanns

Á einum af finni veitingastöðunum í Osló starfar ungur maður, 28 ára. Hann er að ljúka námi sem matreiðslumaður. Hann er stoltur og glaður, og hann hefur fulla ástæðu til þess. Vegferð hans, þar sem hann stendur í dag, hefur ekki verið auðveld. Enn sem komið er hann einungis laus til reynslu, og það er fyrst sumarið 2009 sem hann losnar að fullu. Hann þurfti peninga í flýti og var við það að fá þá. Þess í stað var hann tekinn og fékk fjögurra ára dóm fyrir fíkniefnasmygl.

- En kannski var bara gott að ég náðist og var stoppaður – annars er ekki gott að segja hvað hefði orðið um mig.

Ola segir að hann hafi verið 17 ára gamall þegar hann flutti í eigið húsnæði. Síðan var hann í hernum, bæði í þjálfun heima fyrir og síðan í Kosovo í sjö mánuði. Þegar hann kom heim aftur gekk ekki vel. Þar sem hann hafði ekki lokið námi voru honum allir vegir lokaðir. Reikningum og innheimtukröfum rigndi yfir hann. Þá fór sem fór.

Eftir nokkra mánuði við hreingerningar í Ullersmo fékk hann flutning í Berg-fangelsi og inni á matreiðslubraut sem þar er kennd.

Fljótlega varð hann talsmaður á sinni deild og var virkur þátttakandi í því sem boðið var upp á; innibandý, þolfimi og átti sæti í knattspyrnuliðinu.

En það var námið sem var mér mikilvægast. Það var lykillinn að einhverju mikilvægu að hugsa um og veitti mér innblástur til að huga að framtíðinni. Það má eiginlega segja að kennarinn hafi veitt mér innblástur. Hann var mjög skilningsríkur og sérlega hvetjandi til að við héldum áfram námi. Hann hafði trú á mér og að ég gæti klárað þetta. En maður verður auðvitað að vilja það sjálfur. Flest er hægt ef maður bara vil.

- Er eitthvað sérstakt sem betrunarstofa hefur gert fyrir þig meira en annað?

- Nei, starfsfólkið var allflest fínt. En ef ég á að nefna einhvern sérstakan, þá var það kennarinn sem aldrei gafst upp. Nú stýttist í að ég fái sveinsbréf!

Starfsþjálfun

Fangi sem afplánar dóm er skyldugur til að taka þátt í því starfi sem boðið er upp á í fangelsinu. Gæsluvarðhaldsfanga skal boðið upp á þátttöku, en tekur sjálfur ákvörðun um hvort hann tekur þátt. Mjög margir vilja vera á sama báti og aðrir fangar.

Fangelsin bjóða upp á margs konar vinnu. Margt sem um er að ræða eru einföld störf sem ekki krefjast fagkunnáttu. Fyrir einhverja er um að ræða fyrstu atvinnuþátttöku þar sem reglur um vinnutíma og kaffipásur, líkt og á vinnustöðum almennt.

Nauðsynlegt er að þau atvinnutilboð sem bjóðast í fangelsum undirbúi einstaklingana undir þær kröfur sem atvinnulífið gerir, til að auka atvinnumöguleika sína eftir að þeir losna.

Skóli

Til að hafa ofan í sig og á þarf að hafa vinnu, og til að fá vinnu þarfnast maður menntunar – og það er nokkuð sem margir fangar hafa ekki. Þar sem margir afplána stutta dóma, eru ekki margir sem geta bætt úr þessu til fulls.

Nauðsynlegt er að þróa enn frekar námsframboð í fangelsum með styttri og hagnýtari kúrsum. Þá er þörf á enn frekara starfsnámi [t.d. iðnnámi]. Geti skólinn ekki boðið upp á kennslu á staðnum er nauðsyn að greiða fyrir fjarnámi, meðal annars með aðgengi að internetinu.



-Þú sérð það þegar farið er af verkstæðinu að kvöldi. Þarna stendur það. Þetta hefur þú búið til. Þetta lítur vel út!

-Skólaganga krefst þess að þú notir höfuðið og sért ekki neikvæður. Það er ótrúlega gott sálarlega hér inni.

Landsbyggðarfangelsi

Þá er einnig ætlunin að prófa nýja nálgun á fangelsi, s.k. «landsbyggðarfangelsi». Það á að vera eins líkt samfélagi og hægt er, t.d. með því að fyrirtæki á svæðinu bjóði upp á vinnu á fangelsissvæðinu; búðir, bakarí eða þvottahús, þar sem fangarnir fá eðlileg laun fyrir vinnu sína. Þeir þurfa þá einnig að greiða húsaleigu og vera ábyrgir fyrir heimilishaldi sínu. Landsbyggðarfangelsið á að vera meira opið gagnvart sinni nánustu byggð – án múra eða girðinga. Slík byggð mun veita besta mögulega undirbúning sem völ er á til að einstaklingurinn nái að standa sig, sem virkur þátttakandi í samfélaginu eftir að hann er laus úr fangelsi.



Að snúa aftur út í samfélagið



Í skoðanakönnun var einn fangi spurður:

Hvað munnt þú gera þegar þú ferð hédan?

Ég? Ég er glæpamaður. Ég hef ekki að neinu öðru að snúa nema vera glæpon.

Hvar munnt þú búa þá?

Búa? –Ah, það er alltaf einhver þí sem hægt er að heimsækja.

Með einungis «tvo plastpoka og 3000 kall í rassvasanum» þegar fangelsishliðinu er lokað, er nóg til að hann reddi sér án þess að fara aftur út í glæpi. Alveg síðan Sektarfangelsið í Osló tók til starfa árið 1851, hafa stjórnvöld haft áhyggjur af hvernig föngunum myndi reiða af þegar þeir losnuðu á ný. Myndin sem við höfum af skuggalegum manni með tvo plastpoka er kannski mýta í dag – eða kannski ekki? Það er nokkur hópur dómpöla sem fer aftur í sama sporið eftir afplánun og virðist skorta hæfni til að lifa öðru lífi.

En þegar sá sem brotið hefur lögin gerir sitt besta til að standa á eigin fótum, þarf samfélagið að gera allt sem hægt er til að styðja slíkt. Það þýðir ekki að um sé að ræða sérmeðferð fyrir þá sem brjóta lögin, heldur að boðið sé upp á öll þau úrræði sem allir aðrir borgarar hafa rétt til: íbúðar, menntun, að eiga til hnifs og skeiðar auk heilbrigðisþjónustu. Fyrir þann sem þarf á mikilli aðstoð að halda getur verið erfitt að bera sig að í öllu skrifræðinu. Þegar stoðirnar eru valtar getur skipt sköpum að aðstoðin sé til staðar þegar á þarf að halda. Hættan á að falla aftur í sama farið er mikil þegar ekkert er í boði nema gistiskýli eða ekki hægt að komast í meðferð fyrr en tveimur vikum eftir lausn úr fangelsi. Möguleikinn á að halda sig fyrir utan samfélag afbrotamanna er lítill ef maður er ekki samþykktur í samfélagi manna. Léttvægar spurningar geta verið óyfírstíganlegar hindranir. Margir hafa engin skilríki. Það er ekki einfalt að hafa fjármálin í lagi ef maður fær ekki bankareikning. Með slæmt mannorð og lítið sjálfstraust er erfitt að semja við kröfuhafa um skuldir.

Út-í-lífið-ábyrgð ríkisstjórnarinnar er svarið við þessum flóknu vandamálum. Hún á að gefa fleiri einstaklingum betra líf, í von um að hún muni fækka endurkomum í afbrot. Það þýðir færri brotþola í framtíðinni, og að bæði einstaklingar sem og samfélagið í heild, hagnast. Það eru þrjár aðilar sem bera ábyrgð á að svo megi verða: betrunarstofa, aðrir opinberir aðilar – og sá sem brotið hefur lögin.

Er út-í-lífið-ábyrgðin dýr? Við vitum að afbrot kosta samfélagið mikið, í viðbót við hinn mannlega kostnað bæði fyrir þann sem brýtur lögin, brotþolann og aðra sem fyrir verða.

-Þú getur sagt stjórnsmálamönnum að það þurfi að vera einhver eftirfylgni. Bæði fyrir og eftir að maður losnar. Annars geta þeir bara sleppt allri menntun hér inni. Þér tekst ekki að koma undir þig fótunum með bara tvo plastpoka, jafnvel þó einkunn í norsku hafir hækkað úr 4 í 6.

Við vitum einnig að margir sem sitja í fangelsi eru nú þegar skjólstæðingar hins opinbera. Þar sem aðstoðin er ekki nægjanlega vel skipulögð, fær hið opinbera lítið tilbaka fyrir peningana. Fjárfesting í fyrirbyggjandi aðstoð og endurkomu út-í-lífið er samfélagslega hagkvæm.

Út-í-lífið-ábyrgðin á að tryggja að þeir sem eru að ljúka afplánun fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

Afplánun skal hafa innihald sem vísar með skýrum hætti fram á veginn, að lausn úr fangelsi og endurkomu í samfélagið. Betrunarstofa og aðrir þeir sem starfa við endurhæfingu skulu leggja sig enn betur fram um að skipuleggja og undirbúa lausn úr fangelsi. Menntun, starfsþjálfun og vímuefnaðferð eru þar mikilvægir þættir.

«Þjónustuborð» í fangelsum skal auðvelda samskipti við opinberar stofnanir, jafnframt sem það byggir á ábyrgð og frumkvæði þess sem afplánar dóm.

Markmiðið er að allir þeir sem losna úr fangelsi hafi verðugt húsnæði að snúa til. Lykillinn að velheppnaðri endurkomu liggur líka hjá sveitarfélögunum.

Til að bindast nærumhverfinu liggja þræðir í gegnum «út-í-lífið-ráð» sem er skipaður aðilum frá betrunarstofu, viðkomandi sveitarfélagi og frjálsum félagasamtökum.